

HAFRANNSÓKNIR

15. hefti



Sigurður Jónsson og Karl Gunnarsson:
Botnþörungur í sjó við Ísland — Greiningalykill
Svend-Aage Malmberg: Háfadjúp — Snæfellsnes
1971—1975 (II. Selvogsbanki)

RIT FISKIDEILDAR

I. BINDI — VOL. I.

1940. Nr. 1. **Árni Friðriksson:** Rannsóknir Fiskideildar 1937–1939. (Investigations carried out by the Fisheries Department of the University Research Institute Reykjavík in the Years 1937–1939. 11 Figs. and Summary in English).
- Nr. 2. **Árni Friðriksson:** Lax-rannsóknir 1937–1939. (Salmon Investigations in the Years 1937–1939. 12 Figs. and Summary in English).
1941. Nr. 1. **Finnur Guðmundsson og Geir Gígja:** Vatnakerfi Ölfusár–Hvítár. (The River-system Ölfusá–Hvítá. 5 Figs. and a Map. Summary in German).
1942. Nr. 1. **Finnur Guðmundsson og Geir Gígja:** Vatnakerfi Blöndu. (The River-system Blanda. 12 Figs. Summary in German).
1944. Nr. 1. **Árni Friðriksson:** Norðurlands-sildin. (The Herring of the North-Coast of Iceland. 52 Figs. and 70 Tables. Summary in English). (Ófáanlegt).
1950. Nr. 1. **Árni Friðriksson og Günther Timmermann:** Rannsóknir á hrygningarstöðvum vorgotssíldar vorið 1950. (Herring spawning Grounds off the South Coast of Iceland during Spring 1950. 5 Figs. No Summary. Extract printed in J. Conseil Explor. Mer. XVII. No. 2. Copenh. 1951). (Ófáanlegt).
- Nr. 2. **Árni Friðriksson og Olav Aasen:** Norsk-íslenzku síldarmerkingarnar (9 Figs. but no Summary. This is a Translation of Á. F. and O. Aa.: The Norwegian-Icelandic Herring Tagging Experiments. Rep. on Norw. Fish. and Mar. Inv. Vol IX. Nr. 11. Bergen, Norway 1950). (Ófáanlegt).
1952. Nr. 1. **Árni Friðriksson og Olav Aasen:** The Norwegian-Icelandic Herring Tagging Experiments. Report no. 2. 13 Figs.

II. BINDI — VOL. II.

- Nr. 1. **Hermann Einarsson og Unnsteinn Stefánsson:** Drift Bottle Experiments in the Waters between Iceland, Greenland and Jan Mayen during the Years 1947 and 1949. 1953.
- Nr. 2. **Unnsteinn Stefánsson:** Temperature Variations in the North Icelandic Coastal Area. 1954.
- Nr. 3. **Hermann Einarsson:** Skarkolinn (*Pleuronectes platessa* L.) í Hamarsfirði. — (The Plaice (*Pleuronectes platessa* L.) in Hamarsfjord, E-Iceland). 1956.
- Nr. 4. **Hermann Einarsson:** Frequency and distribution of post-larval stages of herring (*Clupea harengus* L.) in Icelandic waters. 1956.
- Nr. 5. **Jakob Jakobsson:** A Study of the Plankton-Herring Relationship off the SW-Coast of Iceland. 1958.
- Nr. 6. **Ingvar Hallgrímsson:** A Short-cut Method for Estimating Zooplankton Composition while at Sea. 1958.
- Nr. 7. **Hermann Einarsson:** The Fry of Sebastes in Icelandic Waters and Adjacent Seas. 1960.
- Nr. 8. **Unnsteinn Stefánsson:** Temperature at 20 Meters in Icelandic Waters in May–June 1950–1959. 1960.
- Nr. 9. **Unnsteinn Stefánsson, Baldur Línal, Jóhann Jakobsson og Ísleifur Jónsson:** The Salinity at the Shores of Southwest Iceland. 1961.
- Nr. 10. **Jakob Jakobsson:** Icelandic Driftnet Herring Tagging Experiments. (Síldarmerkingar úr reknetum). 1961.

Forsíðumynd: Klóþang (*Ascophyllum nodosum*) ásetið þangskeggi (*Polysiphonia lanosa*).
(Ljós. Karl Gunnarsson).

HAFRANNSÓKNIR

15. HEFTI

REYKJAVÍK
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

1978

Útgefandi:
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
Skúlagötu 4, Reykjavík

Ritstjórn:
GUÐNI ÞORSTEINSSON, ritstjóri
EIRÍKUR Þ. EINARSSON
HJÁLMAR VILHJÁLMSOON

Efnisyfirlit

Sigurður Jónsson og Karl Gunnarsson:

Botnþörungar í sjó við Ísland. Greiningalykill	bls. 5–94
Formáli	– 7
I. Ættkvíslalykill	– 9
Inngangalykill	– 10
II. Tegundalykill	– 37
Rauðþörungar	– 38
Brúnþörungar	– 55
Grænþörungar	– 71
Orðskýringar	– 83
Latnesk þörungageiti	– 87
Íslensk þörungageiti	– 92
Ritskrá	– 94

Svend-Aage Malmberg:

Háfadjúp — Snæfellsnes 1971–1975

II. Selvogsbanki	– 95–121
------------------------	----------

Sigurður Jónsson

Karl Gunnarsson

**BOTNPÖRUNGAR Í SJÓ
VIÐ ÍSLAND**

Greiningalykill

Formáli

Þörungarnir eru plöntur, sem lifa einkum í sjó og vötnum. Margir þeirra eru örsmáir og berast með straumum. Það eru svokallaðir *svifþörungar*. Aðrir lifa fastvaxnir við botninn eða á lífverum, sem sitja við botninn. Þeir geta oft verið mjög stórvaxnir, og teljast þeir til *botnþörungna*. Eins og aðrar plöntur eru þörungarnir háðir sólarljósinu og lifa því aðeins í yfirborðslögum sjávar og vatna, þar sem sólar nýtur. Þeir eru sérlega mikilvægir í búskap náttúrunnar, því að þeir framleiða lífræn efni úr ólífrænum með aðstoð sólarorkunnar á sama hátt og plöntur á landi. Allar aðrar lífverur í sjó og vötnum nærast beint eða óbeint á þeim efnum, sem þörungarnir framleiða. Þannig byggist allt vatna- og sjávarlíf á lífsstarfsemi þörunganna.

Vöntun leiðbeinandi rita á íslensku til að nafngreina þörungna er mikil, enda er í mörgum tilvikum lítið vitað hvaða tegundir vaxa hér. Sá hópur, sem hvað mest er vitað um, eru botnþörungar í sjó. Strax um aldamótin síðustu var þessum þörungum gerð allitarleg skil, er Helgi Jónsson ferðaðist umhverfis landið og rannsakaði þá. Niðurstöður þessara athugana birtust í Danmörku á árunum 1901–1910. Þar er að finna upplýsingar um 200 tegundir græn-, brún- og rauðþörungna í sjó, útbreiðslu þeirra og lifnaðarhætti. Síðan rit Helga komu út, hafa nokkrar tegundir bæst við sjóþörungaflóruna (Caram, B. og S. Jónsson 1972; Adey og Adey 1973; Jónsson, S. og K. Gunnarsson 1975). Alls eru nú fundnar um 220 tegundir við Ísland, þ. e. a. s. í fjörunni og niður á u. þ. b. 60 m dýpi.

Greiningalykillinn, sem hér birtist, nær yfir þessa þörungna. Tilvist sumra þeirra orkar þó enn tvímælis. Það á sérstaklega við eftirtalda brúnþörungna: *Haplospora globosa*, *Litosiphon subcontinuus*, *Litosiphon mortensenii*, *Jonssonia pulvinata* og *Fucus ceranoides*. Sama er að segja um rauðþörunginn *Lithothamnium compactum*.

Greiningalykillinn er tvískiptur, annarsvegar lykill að ættkvíslum, hinsvegar tegundalykill og tegundatal. Ættkvíslalykillinn byrjar á inngangslýkli, þar sem þörungarnir eru greindir eftir áberandi útlitseinkennum. Úr honum er vísað inn í ættkvíslalykilinn. Þar er fyrst valið milli tveggja eða fleiri kosta, sem hafa töluna 1. Ef ættkvíslarheitið er ekki tilgreint við tölulið 1, þá er valið milli kosta, sem hafa töluna 2, sem fylgir strax á eftir þeim tölulið, sem valinn var, og þannig áfram, uns komið er að ættkvíslarheiti þörungans, sem verið er að greina. Við nafn ættkvíslar er blaðsíðutal, sem vísar á

tegundalykilinn, þar sem ættkvíslin er greind á sama hátt til tegunda, ef tegundir eru fleiri en ein í ættkvíslinni. Ef aðeins ein tegund er í ættkvíslinni, er nafn hennar tilgreint þar. Ef íslensk þörungahafti eru til, er þeirra getið í tegundalykli. Notkun fræðiorða í lyklinum reyndist stöku sinnum nauðsynleg til þess að komast hjá málalengingum. Þessi orð eru bæði gömul og ný, og er merkingu sumra þeirra að finna í orðaskýringum aftan tegundalykils.

Í ritskrá er getið helstu nafngreiningabóka um botnlæga sjóþörungum í Norður-Atlantshafi. Í þeim eru myndir af flestum tegundum, sem vaxa hér. Loks eru skrár yfir latnesk og íslensk tegundaheiti í stafrófsröð.

Við söfnun þörungum er áriðandi að taka fullvaxin og heilleg eintök, því að ógerningur getur verið að nafngreina þalbrot og ófullvaxna þörungum. Við greiningu er notkun smásjár iðulega nauðsynleg svo og kalíum-joð-lausn (KI_2 , Lugol) til litunar pyrenoída grænþörunganna. Litun kjarna kann að vera nauðsynleg í fáum tilfellum.

Þessi greiningalykill var upphaflega saminn handa líffræðinemum við Háskóla Íslands. Við notkun hans hafa þeir bent á ýmis atriði, sem betur máttu fara, og þökkum við þeim fyrir ósínkar ábendingar.

I ÆTTKVÍSLALYKILL

Inngangsslykill

I. Þörungurinn flatur eða blaðlaga, með eða án stिल्s	bls. 11
II. Þörungurinn sívalur, ekki holur, margar frumur á breidd	— 17
III. Þörungurinn þvenglaga, hólklaga, sekklaga eða kúlulaga, alltaf holur, a. m. k. að hluta	— 21
IV. Þörungurinn einfaldur eða tvöfaldur frumuþráður, a. m. k. að hluta	— 24
V. Þörungurinn skán eða skorpa, oft mjög smá-vaxinn	— 31
VI. Þörungurinn smáar, oft litlitlar vörtur, slím-bólstrar eða klasar	— 35
VII. Þörungurinn smásær einfrumungur	— 36

I. Þörungurinn flatur eða blaðlaga, með eða án stिल्s

1. Þalið með einni heilli, ógreindri, en oft meira eða minna klofinni blöðku.
2. Þalið himnukennt, aðeins eitt eða tvö frumulög í þverskurði.
3. Fagurrauðir eða rauðbláir þörungar.
 4. Litlar himnur, minni en 1 sm í þvermál; frumurnar kúlulaga og vel aðskildar; litberarnir veggstæðir, án pyrenoída; vex á *Desmarestia* *Porphyropsis* 53
 4. Himnurnar 3—40 sm í þvermál; einn miðstæður, stjörnulaga litberi með einum pyrenoída í hverri frumu; vex á steinum eða öðrum þörungum *Porphyra* 53
3. Brúnir þörungar.
 4. Margir veggstæðir, skífulaga litberar í hverri frumu; vex á djúpinu *Omphalophyllum* 66
 4. Einn miðstæður, stjörnulaga litberi í hverri frumu; vex efst í fjörunni *Porphyra* 53
3. Grænir þörungar.
 4. Himnan eitt frumulag í þverskurði.
 5. Himnan minna en 1 sm að stærð; frumurnar fjórar eða fleiri saman í hópum, hver með einum miðstæðum, stjörnulaga litbera og einum pyrenoída; vex á klettakollum í fugladriti *Prasiola* 79

5. Himnan 2–10 sm að stærð; frumskipan óregluleg; einn veggstæður litberi með einum eða fleiri pyrenoíðum í hverri frumu.
6. Himnan dökkgræn, verður brúnleit við þurrkun; 2–4 kaffibaunalaga pyrenoíðar í hverri frumu *Ulvaria* 82
6. Himnan ljósgræn, verður ekki brúnleit við þurrkun; einn fjölkorna pyrenoíði í hverri frumu *Monostroma* 82
4. Himnan tvö frumulög í þverskurði.
5. Frumulögin aðskilin við fótfestu og þaljaðra *Enteromorpha* 80
5. Frumulögin samvaxin í öllu þalinu *Ulva* 82
2. Þalið þykkt, mörg frumulög í þverskurði eða a. m. k. með margfrumulaaga miðtaug.
3. Rauðir þörungar.
4. Þalið með greinilegri miðtaug.
5. Þalið með heilrendum eða tenntum flipum og greindum hliðarstrengjum *Phycodrys* 50
5. Blöðin ekki flipótt, en heilrend með ógreindum hliðarstrengjum *Delesseria* 50
4. Þalið án miðtaugar.
5. Nýrlaga blöðkur, með stórum, litlausum kirtilfrumum í barkarlagi; vex á djúpinu *Turnerella* 40
5. Egglaga eða aflangar blöðkur án kirtilfruma; vex í fjörinni.

6. Blöðkujaðarinn bylgjóttur; þalið meira eða minna hlaupkennt, dumbrautt, stundum með gulbrúnum blæ *Schizymenia* 40
6. Blöðkurnar sléttar, stinnar, blóðrauðar *Dilsea* 45
3. Brúnir þörungar.
4. Þalið skiptist í þöngulhaus, stilk og blöðku; stórvaxnir djúpþörungar (þari).
5. Þöngulhausinn með ógreindum festusprotum; blaðkan dílótt, alsett stuttum hárdúskum meðan hún er ung *Phyllaria* 68
5. Festusprotarnir marggreindir; blaðkan aldrei hærð.
6. Blaðkan himnukennd með greinilegri miðtaug; gróblöð, þegar þau eru, sitja á stilknum neðan við blöðkuna *Alaria* 68
6. Blaðkan leðurkennd, án greinilegrar miðtaugar; engin gróblöð *Laminaria* 67
4. Þalblöðkurnar með stuttum stilk og festuflögu.
5. Þalið dumbrautt neðst, gulbrúnt ofan til, meira eða minna hlaupkennt *Schizymenia* 40
5. Allt þalið brúnt, ekki hlaupkennt.
6. Einn litberi í hverri frumu *Petalonia* 66
6. Margir litberar í hverri frumu *Punctaria* 66
1. Þalið greinótt eða samsettar blöðkur, stundum blaðlaga og himnukennt.

2. Rauðir þörungar, oft svartir.
3. Þalið blöð, blöðkur eða mjóir borðar með miðtaug og sívölum stilk.
4. Þunnur himnufaldur úr einu frumulagi, með meira eða minna greinilegum hliðarstrengjum meðfram miðtauginni.
5. Blöðin flipótt með heilrendum eða tenntum flipum og greindum hliðarstrengjum
Phycodrys 50
5. Blöðin heilrend, með ógreindum hliðarstrengjum.
6. Blöðin mjóborðalaga með ógreinilegum hliðarstrengjum
Membranoptera 50
6. Blöðin lensulaga með greinilegum hliðarstrengjum
Delesseria 50
4. Enginn himnufaldur né hliðarstrengir; smáblöðkur, stundum með randstæðum smásepum og miðtaug neðst í þalinu
Phyllophora 41
3. Þalið blöð eða blöðkur án miðtaugar og hliðarstrengja, mörg frumulög í þverskurði.
4. Þaljaðarinn heilrendur, þó stundum með smásepum.
5. Þalið kvíslgreint, a. m. k. í endann, með eða án sívals eða hliðflats stilks.
6. Þalið með greinilegri rennu, svart, stundum alsett smávörtum
Gigartina 42
6. Þalið án rennu og aldrei með smávörtum.
7. Stilkurinn flatur eða hliðflatur
Chondrus 42

7. Stilkurinn sívalur, stundum mjög stuttur
Phyllophora 41
5. Þalgreiningin öðruvísi.
6. Þalið stofnblaðka (sölvamóðir) með randstæðum hliðarblöðkum
Palmaria 47
6. Þalið margar blöðkur, ýmist hver upp af annarri eða á sívölum, greindum stilkum
Phyllophora 41
4. Þaljaðarinn tenntur.
5. Þaljaðarinn gróftenntur með stórum, víxlstæðum tönnum; þalið dumbrautt
Odonthalia 50
5. Þaljaðarinn smátentur með fínnum, gisstæðum tönnum; þalið fagurrautt
Rhodophyllis 41
3. Þalið hvorki blöð né blöðkur, en flatgreint, og með hliðflötum eða sívölum greinum.
4. Endagreinarar fjaðurgreindar.
5. Fjaðurgreinarar gagnstæðar.
6. Þalið kalkkennt
Corallina 43
6. Þalið ekki kalkkennt.
7. Endagreinarar einfaldir frumuþræðir, barkarlausir
Plumaria 50
7. Endagreinarar barkklæddar
Ptilota 50
5. Fjaðurgreinarar víxlstæðar
Pterosiphonia 51
4. Þalið kvíslgreint.

5. Þalið með rennu *Gigartina* 42
5. Þalið án rennu; þalendarnir yddir *Pantoneura* 50
4. Þalgreiningin öðruvísi.
5. Þaljaðarinn gróftenttur, með reglulega víxlstæðum tönnum
Odonthalia 50
5. Endagreinarar kambgreindar *Plocamium* 41
5. Þalið óreglulega greint eða víxlgreint *Callophyllis* 46
2. Brúnir þörungar.
3. Þalið kvíslgreint; fjöruþörungar.
4. Þalið með meira eða minna greinilegri miðtaug *Fucus* 69
4. Þalið án miðtaugar.
5. Renna eftir þalinu; engar loftblöðrur; þalið 5–15 sm að lengd
Plevetia 70
5. Þalið án rennu, en með stórum loftblöðrum, 20 sm – 2 m að lengd
Ascophyllum 69
3. Þalið fjaðurgreint, með áberandi toppfrumu *Sphacelaria* 62
3. Þalið óreglulega greinótt með víxlstæðum, uppvisandi þyrnum eða tungulaga smásepum, oft með hárskúfum
Desmarestia 60
3. Þalið ein heil, óklofin blaðka með stilk, sem oft ber litlar, gagnstæðar hliðarblöðkur (gróblöð)
Alaria 68

II. Þörungurinn sívalur, ekki holur, margar frumur á breidd

1. Þalið ógreint.
2. Rauðir, dumbrauðir eða svartir þörungar.
3. Þalið stinnt, dumbrautt eða svart *Gigartina* 42
3. Þalið mjúkt, þráðlaga, rautt *Bangia* 53
2. Brúnir þörungar, meira eða minna þráðlaga.
3. Þalið hært.
4. Geldfrumur (*paraphysur*) innan um gróhirslurnar
Delamarea 64
4. Engar geldfrumur innan um gróhirslurnar *Litosiphon* 64
3. Þalið hárlaust.
4. Þalþræðirnir minna en 0,1 mm í þvermál; vex á þara
Litosiphon 64
4. Þalþræðirnir meira en 0,1 mm í þvermál; vex á *Scytosiphon*
Dictyosiphon 64
2. Grænir þörungar, þráðlaga, með innskorningum; frumurnar stundum tvær og/eða fjórar saman í hópum
Rosenvingiella 79
1. Þalið greinótt.
2. Þalið meira eða minna kvíslgreint.
3. Rauðir þörungar.

4. Þalið með liðskiptu barkarlagi, gert úr ósamstæðum barkarfrumum *Ceramium* 48
4. Þalið með liðskiptu barkarlagi gert úr frumum, sem eru jafnháar og standast á *Polysiphonia* 51
3. Svartar eða dumbrauðar þörungahríslur, stundum gulbrúnar í endann *Ahnfeltia* 41
3. Dökkgrænir, svampkenndir þörungar *Codium* 73
2. Þalið fjaðurgreint.
3. Rauðir þörungar.
4. Þalið kalkkennt og liðskipt. *Corallina* 43
4. Þalið hvorki kalkkennt né liðskipt.
5. Endagreinar úr einföldum frumuþráðum *Plumaria* 50
5. Endagreinar barkklæddar *Ptilota* 50
3. Brúnir þörungar; greinarnar enda í áberandi toppfrumu *Sphacelaria* 62
2. Þalið greinist á annan hátt.
3. Þalið kalkkenndar hríslur, rautt eða bleikt *Lithothamnium* 44
3. Þalið ekki kalkkennt.
4. Yfirborðsfrumurnar í þverröðum, a. m. k. í endagreinum.
5. Rauðir þörungar *Polysiphonia* 51
5. Brúnir þörungar.
6. Greinarnar oftast gagnstæðar *Isthmoplea* 62

6. Greinarnar stakstæðar.
7. Greinarnar enda í áberandi toppfrumu *Sphacelaria* 62
7. Greinarnar enda í löngu hári *Stictyosiphon* 64
4. Yfirborðsfrumurnar með óreglulegri skipan.
5. Rauðir þörungar, stundum svartir eða gulleitir.
6. Þalið mjúkt, ekki virkennt.
7. Mergurinn úr lausbundnum þráðum *Cystoclonium* 41
7. Mergurinn úr þéttum frumuvef *Rhodomela* 52
6. Þalið virkenndar hríslur *Ahnfeltia* 41
5. Brúnir þörungar, stundum grænleitir.
6. Greinarnar gagnstæðar; þalið stundum grænleitt *Desmarestia** 60
6. Greinarnar stakstæðar.
7. Greinarnar alsettar uppvísandi þyrnum *Desmarestia** 60
7. Greinarnar án þyrna.
8. Barkarvefurinn þéttur.
9. Sprotarnir enda í margfruma hári; 4–7 stórar mergfrumur í þverskurði.
10. Þalið marggreint *Stictyosiphon* 64

* hærðar á vorin

10. Þalið lítið greint eða ógreint
Delamarea 64
9. Sprotarnir enda í hárlausri toppfrumu; merg-
frumur margar, alltaf fleiri en 7 í þverskurði;
neðri hluti þalsins stundum holur
Dictyosiphon 64
8. Barkarlagið úr lausbundnum þráðum; þalið slímugt.
9. Barkarþræðirnir greinóttir; þalið hlaupkennt
Eudesme 61
9. Barkarþræðirnir ógreindir; þalið brjóskennt
Chordaria 61

**III. Þörungurinn þvenglaga, hólklaga, sekkлага
eða kúlulaga, alltaf holur, a. m. k. að hluta**

1. Þalið þvenglaga, hólklaga eða sekkлага.
2. Þalið ógreint.
3. Rauðir þörungar, stundum gulbrúnir ofantil *Halosaccion* 47
3. Brúnir þörungar.
4. Þalið breiður sekkur *Coilodesme* 66
4. Þalið meira eða minna þráðlaga eða þvenglaga.
5. Þalið gishært, hér og þar með innskorningum; einn litberi í
hverri frumu *Scytosiphon* 66
5. Þalið án innskorninga; margir litberar í hverri frumu.
6. Þalið dílótt, þakið hárskúfum *Asperococcus* 66
6. Þalið þvenglaga, gishært, oft margir mettrar að lengd
Chorda 67
3. Grænir þörungar.
4. Þalið sekkur eða trekt *Monostroma* 82
4. Þalið meira eða minna þráðlaga, oftast mjór hólkur.
5. Frumurnar 2–4 saman í hópum, a. m. k. í neðri hluta þals-
ins.

6. Frumurnar í greinilegum lang- og þverröðum í öllu þalínu; þalið minna en 1 sm að lengd *Capsosiphon* 80
6. Frumurnar í langröðum aðeins neðst í þalínu; þalið 5–10 sm langt *Monostroma* 82
5. Frumurnar aldrei margar saman í hópum.
6. Frumurnar 9–45 μ í þvermál; einn veggstæður litberi með einum eða fleiri pyrenoíðum í hverri frumu *Enteromorpha* 80
6. Frumur 3–9 μ í þvermál; einn stjörnulaga miðstæður litberi með einum pyrenoída í hverri frumu *Blidingia* 80
2. Þalið greinótt.
3. Rauðir þörungar, stundum gulbrúnir.
4. Þalið óreglulega greindar, skriðular rengrur, með holum, uppblásnum liðum, u. þ. b. 0.5 sm að stærð *Catenella* 40
4. Þalið upprétt, óliðskipt.
5. Endagreinar með randstæðum smásepum; allt þalið holt *Lomentaria* 47
5. Greinar án smásepa; a. m. k. efri hluti þalsins holur.
6. Þalið stinnt, kræklótt, oft upplitað; neðstu þalgreinar gerðar úr stórfruma mergvef og 4-fruma þykku barkarlagi *Halosaccion* 47
6. Þalið mjúkt, slímugt, ein- eða tvígreint; neðri þalgreinar gerðar úr lausbundnum mergþráðum og 1-2-fruma þykku barkarlagi *Dumontia* 45

3. Brúnir þörungar, óreglulega greindir; aðeins neðri hluti þalsins holur *Dictyosiphon* 64
3. Grænir þörungar.
4. Frumurnar 2–4 saman í hópum, í greinilegum lang- og þverröðum *Capsosiphon* 80
4. Frumurnar aldrei margar saman í hópum, en stundum í lang- og/eða þverröðum.
5. Frumurnar 9–45 μ í þvermál; einn veggstæður litberi með einum eða fleiri pyrenoíðum í hverri frumu *Enteromorpha* 80
5. Frumurnar 3–9 μ í þvermál; einn miðstæður, stjörnulaga litberi með einum pyrenoída í hverri frumu *Blidingia* 80
1. Þalið hlaupkenndar, gulbrúnar kúlur eða kúlupyrpingar, allt að 5 sm í þvermál, vex oftast á rauðþörungum *Leathesia* 59

IV. Þörungurinn einfaldur eða tvöfaldur
frumuþráður, a. m. k. að hluta

1. Tvöfaldir frumuþræðir; grænir þörungar *Percursaria* 80
1. Einfaldir frumuþræðir, með eða án þverveggja.
 2. Þalið sést með berum augum.
 3. Þræðirnir ógreindir, stundum með hliðarrætlingum.
 4. Rauðir þörungar *Bangia* 53
 4. Brúnir þörungar.
 5. Þræðirnir 20–50 μ í þvermál; einhólfa hirslur stakar, neðst í þalinu; fjölhólfa hirslur vantar *Elachista* 59
 5. Þræðirnir 7–12 μ í þvermál; fjölhólfa hirslur inni í þráðunum; einhólfa hirslur vantar *Leptonematella* 59
 4. Grænir þörungar.
 5. Þræðirnir án þverveggja *Bryopsis* 73
 5. Þræðirnir með þverveggjum.
 6. Þræðirnir með hliðarrætlingum.
 7. Einn pyrenoídi í hverri frumu *Rosenvingiella* 79
 7. Margir pyrenoídar í hverri frumu.
 8. Rætlingarnir stuttir og útstæðir; þræðirnir þvældir saman í hnoðra *Rhizoclonium* 74

8. Rætlingarnir niðurvaxandi, í röð neðst í þalinu *Urospora* 76
6. Þræðirnir án hliðarrætlinga.
 7. Margir pyrenoídar (a. m. k. fleiri en 4) í hverri frumu; litberinn netlaga *Chaetomorpha* 74
 7. Fáir pyrenoídar (1–4) í hverri frumu.
 8. Litberinn opin, veggstæð gjörð; pyrenoídar fjölkorna *Ulothrix* 75
 8. Litberinn netlaga; pyrenoídar kaffibaunalaga *Rhizoclonium* 74
3. Þræðirnir greinóttir.
 4. Rauðir þörungar.
 5. Þræðirnir minna en 20 μ í þvermál.
 6. Margir veggstæðir litberar í hverri frumu *Rhodochorton* 39
 6. Einn eða tveir litberar í hverri frumu; þræðirnir enda oft í litlausu, einfruma hári.
 7. Einn stjörnulaga, miðstæður litberi í hverri frumu; festan ein eða fleiri frumur *Kylinia* 38
 7. Einn eða tveir veggstæðir litberar í hverri frumu; margfruma festuflaga *Acrochaetium* 38
 5. Þræðirnir meira en 50 μ í þvermál.
 6. Þalið kalkkennt, fjaðurgreint, margfruma í þverskurði *Corallina* 43

6. Þalið ekki kalkkennt.
7. Gagnstæð greining.
8. Aðalstofn án barkarfruma *Antithamnion* 48
8. Aðalstofn barkklæddur *Plumaria* 50
7. Víxlstæð greining.
8. Þalið stærra en 1 sm; frumurnar fjölkjarna
Callithamnion 48
8. Þalið minna en 1 sm; frumurnar einkjarna
Aglaothamnion 48
7. Kvíslgreining, meira eða minna greinileg.
8. Stofnþráðurinn umkringdur beltisfrumum, sem eru jafnháar og standast á
Polysiphonia 51
8. Stofnþráðurinn umkringdur barkarfrumum, sem standast ekki á
Ceramium 48
4. Brúnir þörungar.
5. Þræðirnir samofnir með stuttum, krókbognum hliðargreinum
Spongonema 56
5. Þræðirnir án krókboginna hliðargreina.
6. Litberarnir skífulaga og veggstæðir.
7. Greinarnar oftast gagnstæðar.
8. Ein- og fjölhólfa hirslur inni í þráðunum
Pylaiella 62

8. Gróhirslur utan á þráðunum.
9. Gróhirslurnar oftast gagnstæðar, tvær og tvær saman.
10. Greinarnar oftast kransstæðar
Giffordia 55
10. Greinarnar oftast gagnstæðar
Isthmoplea 62
9. Gróhirslur sitja á efra borði greina.
10. Gróhirslurnar stilkæðar *Haplospora* 62
10. Gróhirslurnar sitja beint á þráðunum
Giffordia 55
7. Greinarnar stakstæðar.
8. Aðalstofn 100–125 μ í þvermál *Haplospora* 62
8. Aðalstofn 25–100 μ í þvermál; gróhirslur utan á þráðunum
Giffordia 55
8. Aðalstofn 7–12 μ í þvermál; gróhirslur inni í þráðunum
Leptonematella 59
6. Litberar borðalagða, veggstæðir.
7. Þræðirnir marggreindir; fjölhólfa hirslur fjölraða
Ectocarpus 55
7. Þræðirnir lítt greindir; fjölhólfa hirslur einraða; vex á þara (*Laminaria*)
Laminariocolax 56
4. Grænir þörungar.

5. Þræðirnir með þverveggjum.
6. Margfruma, niðurvaxandi hliðarrætlingar í neðri hluta þalsins; einn hólklaga, götóttur litberi í hverri frumu, með fjölkorna pyrenoíðum.
7. Aðalgreinar 70–400 μ í þvermál; margir kjarnar í hverri frumu
Acrosiphonia 75
7. Aðalgreinar 15–30 μ í þvermál; einn kjarni í hverri frumu
Spongomorpha 76
6. Engir hliðarrætlingar á þalinu; þalið oftast fest með fótfrumu; litberinn netlaga, oft mjög þéttur, með baunalaga pyrenoíðum
Cladophora 74
5. Þræðirnir án þverveggja.
6. Þalið fjaðurgreint; pyrenoíðar í litberunum
Bryopsis 73
6. Þalið óreglulega greint; engir pyrenoíðar í litberunum
Derbesia 73
2. Þalið smásær, oftast skriðulir þræðir, sem vaxa á eða í öðrum þörungum, skeljum, steinum eða viði.
3. Rauðir þörungar.
4. Vaxa í tómunum skeljum, kalkpípum burstuormum eða hrúðurkórlum; gróin sitja í röðum á uppréttum greinum
Conchocelis
(gróliður *Bangia* og *Porphyra*) 53
4. Vaxa í veggjum hveldýra eða mosadýra
Rhodochorton 39
4. Vaxa á steinum eða öðrum þörungum.

5. Margir veggstæðir litberar í hverri frumu
Rhodochorton 39
5. Einn eða tveir litberar í hverri frumu; þræðirnir enda oft í litlausu, einfruma hári.
6. Einn stjörnulaga, miðstæður litberi í hverri frumu; fótfeestan ein eða fleiri frumur
Kylinia 38
6. Einn eða tveir veggstæðir litberar í hverri frumu; margfruma festuflaga
Acrochaetium 38
3. Brúnir þörungar.
4. Þalið með litlausum hárum.
5. Gróhirslurnar oftast leggjaðar; þalið með stuttum, uppréttum þráðum (2–3 frumur); vex á ýmsum þörungum
Streblonema 56
5. Gróhirslurnar legglausar, mynda útbrot á yfirborði ýmissa þarategunda (*Laminaria*); þalið án uppréttra greina
Entonema 55
4. Þalið án hára; vex í veggjum *Polysiphonia*, *Aglaothamnion*, *Palmaria* og e. t. v. annarra þörunga
Microsyphar 56
3. Grænir þörungar.
4. Frumuþræðirnir með löngum, litlausum hárum.
5. Hárin sitja á lauklaga hárfurum ofan á þalþráðunum
Bolbocoleon 77
5. Hárin sitja á þalþráðunum.
6. Hárin sitja á hliðarútskotum frá þalþráðunum
Acrochaete 77

6. Hárin sitja beint á þalþráðunum *Ectochaete* 77
4. Frumþræðirnir án hára.
5. Þræðirnir þverveggjalausir, víða uppblásnir og óreglulegir; vex í tómunum skeljum *Ostreobium* 73
5. Þræðirnir með þverveggjum.
6. Þörungurinn vex í dýrum.
7. Þörungurinn vex í skeljum; þræðirnir aðskildir, greindir *Eugomontia* 77
7. Þörungurinn vex í veggjum hvelldýra og mosadýra; þræðirnir samvaxnir í miðhluta þalsins *Epicladia* 77
6. Þörungurinn vex í öðrum þörungum *Endoderma* 77

V. Þörungurinn, skán eða skorpa, oft mjög smávaxinn

1. Þalið kalkkennt, rautt, rauðfjólublátt, bleikt eða hvítt.
2. Litlar, hvítar vörtur; vex á *Lithothamnium laeve* *Kvaleya* 43
2. Rauðir, bleikir eða rauðfjólubláir þörungar.
3. Gróhirslur með einu opi.
4. Gróhirslur í nöbbum; vex á öðrum þörungum; neðra skorpulag með skástæðum frumum; sumar þalfrumur með hliðartengslum *Dermatolithon* 43
4. Gróhirslur á kafi í þalinu; vex á steinum eða skeljum, en sjaldan á öðrum þörungum.
5. Litlar, kringlulaga skánir, gagnsæjar við jaðarinn, ljósfjólubláar, stundum með háfrumum; sumar þalfrumur samvaxnar *Fosliella* 43
5. Skorpan krítarkennd, mjög þykk, bleik, með ógagnsæjum jaðri; þalfrumur stundum með hliðartengslum *Lithophyllum* 44
3. Gróhirslur með mörgum opum *Lithothamnium* 44
1. Þalið ekki kalkkennt.
2. Þalið smásæjar skánir á steinum, skeljum eða öðrum þörungum.
3. Rauðir þörungar; skánin úr einu frumulagi; vex á öðrum þörungum *Erythrocladia* 53

3. Brúnir þörungar.

4. Stórar kylfulaga, litlausar, þykkveggja frumur (askfrumur) í skáninni; vex á sölvum (*Palmaria*) og þara (*Laminaria*)

Hecatonema 57

4. Engar askfrumur í skáninni.

5. Skánin úr einu frumulagi með uppréttum, ósamvöxnum þráðum.

Myrionema 57

5. Skánin úr einu eða fleiri frumulögum, án uppréttra þráða.

6. Öll skánin eitt frumulag; vex í útveggjum beltisþara (*Laminaria saccharina*)

Dermatocelis 57

6. Skánjaðarinn úr einu frumulagi; miðhluti skánarinnar úr einu eða fleiri frumulögum

Phaeostroma 58

6. Öll skánin mörg frumulög.

7. Skánin minna en 0.5 mm í þvermál; vex á kerlingarhári (*Desmarestia aculeata*)

Jonssonia 57

7. Skánin um 1 mm í þvermál; vex á steinum

Ralfsia 58

3. Grænir þörungar.

4. Frumuskánin með löngum hárum

Ochlochaete 78

4. Frumuskánin hárlaus.

5. Skánjaðrarnir óreglulegir; skánin vex á viði, skeljum eða steinvölum.

6. Vex á viði efst í fjörunni

Pseudendozonium 78

6. Vex á skeldýrum eða hrúðurkörslum, í fjörunni eða á djúpinu

Gomontia 77

5. Skánjaðrarnir reglulegir; skánin vex á öðrum þörungum.

6. Skánin aldrei meira en eitt frumulag; vex á ýmsum þörungum

Pringsheimiella 78

6. Skánin gerð úr mörgum frumulögum; vex á þangi

Pseudopringsheimia 78

2. Skánin sést greinilega með berum augum.

3. Rauðir þörungar, dumbrauðir, brúnleitir eða svartir.

4. Skánin sleip, gerð úr lausbundnum, uppréttum þráðum í slímhjúp.

5. Uppréttu þræðirnir uppmjókkandi, 12–14 μ í þvermál; gróhirsurnar hliðstæðar á þráðunum

Cruoria 40

5. Uppréttu þræðirnir ekki uppmjókkandi, 4–6 μ í þvermál; gróhirsur sitja í þráðunum

Petrocelis 40

4. Skánin þétt; uppréttu þræðirnir samvaxnir.

5. Þræðirnir uppsveigðir; skánin með rætlingum

Peyssonelia 43

5. Uppréttu þræðirnir beinir; skánin án rætlinga.

6. Skánin kringlulaga, um 5 mm í þvermál og 4–6 frumur á þykkt; gróhirsur í flekkjum á yfirborði þalsins

Rhodophyseta 43

6. Skánin óregluleg, oft í flekkjum á steinum; gróhirsurnar í grósekkjum á kafi í þalínu

Hildenbrandia 43

3. Brúnir þörungar, stundum svartleitir eða gulbrúnir.

4. Skorpan mjúk, aðeins 12 mm í þvermál, með lausbundnum, uppréttum þráðum, sem aðskiljast undir þekjugleri

Petroderma 58

4. Skorpan stinn, allt að 10 sm í þvermál með þéttvöxnum, uppréttum þráðum sem aðskiljast ekki undir þekjugleri.

5. Uppréttu þræðirnir uppsveigðir; skorpan með rætlingum

Ralfsia 58

5. Uppréttu þræðirnir beinir; skorpan án rætlinga

Pseudolithoderma 58

VI. Þörungurinn smár, oft litlitlar vörtur, slímbólstrar eða klasar

1. Þalið kalkkenndar, hvítar vörtur, sem vaxa á *Lithothamnium laeve*

Kvaleya 43

1. Þalið ekki kalkkennt.

2. Þalið óreglulegir klasar með stilk, oft lítillaga greinóttir, ljósrauðir eða gulrauðir, 2–5 mm á hæð; vex á *Phyllophora*

Ceratocolax 41

2. Þalið vörtur eða kúlur, 1–2 mm í þvermál, hvítar eða rauðbrúnar að lit.

3. Vex á *Halosaccion ramentaceum*

Halosacciocolax 43

3. Vex á *Polysiphonia lanosa*

Choreocolax 46

3. Vex á *Rhodomela*

Harveyella 46

2. Þalið brúnir slímbólstrar, úr ósamvöxnum þráðum

Microspongium 57

VII. Þörungurinn smásær einfrumungur

- | | | |
|---|-----------------------|----|
| 1. Fruman kylfulaga, með stilk eða rætlingum | <i>Codiolum</i> | 71 |
| 1. Fruman kúlulaga eða egglega, án stilks eða rætlinga. | | |
| 2. Vex inn í öðrum þörungum | <i>Chlorochytrium</i> | 72 |
| 2. Vex á öðrum þörungum | <i>Sykidion</i> | 72 |

II TEGUNDALYKILL

RAUÐPÖRUNGAR

RHODOPHYTA

Florideophyceae

Acrochaetiales

Acrochaetiaceae

ACROCHAETIUM Nägeli

A. minutum (Suhr.) Hamel

KYLINIA Rosenvinge

1. Þalið fest með einni fótfrumu.
2. Fótfruman kúlulaga og þykkveggja.
 3. Stofnþræðir 11–23 μ í þvm.; vex á blöðku marínkjarna (*Alaria esculenta*) við brimasamar klettastrendur
K. alariae
 3. Stofnþræðir 4–9 μ í þvm.; vex á purpurahimnu (*Porphyra umbilicalis*) efst í fjörunni og e. t. v. öðrum þörungum
K. hallandica
2. Fótfruman eins og aðrar frumur stofnþræðarins; stofnþræðurinn 5–7 μ í þvm.; vex á *Cladophora sericea*
K. microscopica
1. Þalið fest með margfruma festuflögu.
 2. Þræðirnir oftast einhliðgreindir; frumurnar í stofnþræði 10–13 μ í þvm. og lengdin 1–3 \times þvermálið; vex á öðrum þörungum eða hvel-dýrum
K. secundata

2. Þræðirnir óreglulega greindir; frumur í stofnþræðinum 10–11 μ í þvm. og lengdin 3–5 \times þvermálið; vex á ýmsum þörungum

K. virgatula

K. alariae (Jónsson) Kylin

K. hallandica (Kylin) Kylin

K. microscopica (Nägeli) Kylin

K. secundata (Lyngb.) Papenfuss

K. virgatula (Harv.) Papenfuss

RHODOCHORTON Nägeli

1. Skriðulir þræðir aðalhluti þalsins; vex í veggjum hvel-dýra og mosadýra
R. membranaceum
 1. Uppréttir þræðir aðalhluti þalsins; vex á steinum, dýrum eða öðrum þör-ungum, ofan og neðan lágflæðis.
 2. Þalið með skriðulum rætlingum; gróhirslur í þyrpingum á stuttum greinum
R. purpureum
 2. Þalið með festuflögu; gróhirslur stakar á stuttum stilkum
R. penicilliforme
- R. membranaceum* Magnus
- R. purpureum* (Lightf.) Rosenv.; rauðló
- R. penicilliforme* (Kjellm.) Rosenv.

Gigartinales

Cruoriaceae

CRUORIA Fries

1. Kirtilfrumur í skáninni; vex á djúpinu *C. arctica*
(gróliður *Turnerella pennyi*)

1. Engar kirtilfrumur í skáninni; vex í fjörunni *C. pellita*

C. arctica Schm.

C. pellita (Lyngb.) Fries

PETROCELIS J. Agardh

P. hennedyi (Harv.) Batt.

Nemastomataceae

SCHIZYMENIA J. Agardh

S. dubyi (Duby) J. Ag.

Soleriaceae

TURNERELLA Schmitz

T. pennyi (Harv.) Schm.; nýrblaðka.

Rhabdoniaceae

CATENELLA Greville

C. repens (Lightf.) Batt.

Rhodophyllidaceae

CYSTOCLONIUM Kützing

C. purpureum (Huds.) Batt.; rauðskúfur.

RHODOPHYLLIS Kützing

R. dichotoma (Lepesch) Gobi; klóblaðka.

Plocamiaceae

PLOCAMIUM Lamouroux

P. cartilagineum (L.) Dixon; ránarkambur.

Phylloporaceae

AHNFELTIA Fries

A. plicata (Huds.) Fries, sjóarhrís.

CERATOCOLAX Rosenvinge

C. hartzii Rosenv.

PHYLLOPHORA Greville

1. Þalið með stuttum stilk, 1–2 sm hátt. *P. traillii*

1. Þalið með löngum stilk, allt að 15 sm hátt.

2. Þalið með bikarlaga, leggjuðum blöðkum, smáflípóttum í endann

P. pseudoceranooides

2. Þalið með breiðkleilulaga, legglausum blöðkum, oft klofnum í endann

P. truncata

P. traillii Holmes et Batters

P. pseudoceranooides (Gmelin) Newroth et A.R.A. Taylor

P. truncata (Pallas) Zinova

Gigartinaceae

CHONDRUS Stackhouse

C. crispus Stackh.; fjörugrös, gvöndargrös.

GIGARTINA Stackhouse

G. stellata (Stackh.) Batt.; sjóarkræða.

Cryptonemiales

Squamariaceae

HALOSACCIOCOLAX S. Lund

H. kjellmanii S. Lund

PEYSSONELIA Decaisne

P. rosenvingii Schm.

RHODOPHYSEMA Batters

R. elegans (J. Ag.) Dixon

Hildenbrandiaceae

HILDENBRANDIA Nardo

H. prototypus Nardo

Corallinaceae

CORALLINA Linnaeus

C. officinalis L.; kóralþang.

DERMATOLITHON Foslie

D. pustulatum (Lamour.) Foslie

FOSLIELLA Howe

F. tenuis Adey et Adey

KVALEYA Adey et Sperapani

K. epilaeve Adey et Sperapani

LITHOPHYLLUM Philippi

L. orbiculatum (Foslie) Foslie

LITHOTHAMNIUM Philippi

1. Þalið flatvaxin kalkskorpa.
2. Gróhirslur með hringbaug eða í nöbbum á yfirborði skorpunnar.
3. Gróhirslur með hringbaug; skorpan rauðfjólublá
L. foecundum
3. Gróhirslur í nöbbum; skorpan rauð
L. laeve
3. Gróhirslur í nöbbum; skorpan rauðfjólublá með hvítum jöðrum
L. lenormandii
2. Gróhirslur á kafi í skorpunni.
3. Yfirborðið slétt (við 5–10 X stækkun).
4. Skorpan hæðótt, oftast með greindum yfirborðspráðum; gróhirslur dreifðar um yfirborð þalsins
L. compactum
4. Skorpan flöt, sjaldan með yfirborðspráðum; gróhirslur í þyrpingum
L. circumscriptum
3. Yfirborðið hrufótt (við 5–10 × stækkun) með baugóttum og stundum hvíteggjuðum hryggjum.
4. Hryggirnir grófir; gróhirslurnar víðar og grunnar með greinilega upphleyptum barmi.
5. Skorpan þunn, öll föst við undirlagið
L. laevigatum
5. Skorpan þykk, sköruð eða flögótt
L. polymorphum
4. Hryggirnir fingerðir; gróhirslurnar örsmáar án upphleypra barma
L. rugulosum

1. Þalið greinóttar kalkhríslur, nibbótt eða óreglulega hnúðótt.
2. Þalið uppréttar, kræklóttar kalkhríslur, oftast lausvaxandi
L. tophiforme
2. Þalið nibbótt eða hnúðótt kalkskorpa, venjulega fastvaxin.
3. Þalskorpan nibbótt
L. glaciale
3. Þalskorpan óreglulega hnúðótt, þykk
L. polymorphum
- L. foecundum* Kjellm.
- L. laeve* (Strömf.) Foslie
- L. lenormandii* (Aresch.) Foslie
- L. compactum* (Kjellm.) Foslie
- L. circumscriptum* Strömf.
- L. laevigatum* Foslie
- L. polymorphum* (L.) Aresch.
- L. rugulosum* (Adey) nov. comb.
- L. tophiforme* Unger
- L. glaciale* Kjellm.

Dumontiaceae

DILSEA Stackhouse

D. carnosus (Schmidel) Kuntze; blóðblaðka.

DUMONTIA Lamouroux

D. incrassata (O. F. Müll.) Lamour.

Kallimeniaceae

CALLOPHYLLIS Kützing

C. cristata (C. Ag.) Kütz.; kambgrös.

Choreocolacaceae

CHOREOCOLAX Reinsch

C. polysiphoniae Reinsch

HARVEYELLA Schmitz et Reinke

H. mirabilis (Reinsch) Rke.

Rhodymeniales

Champiaceae

LOMENTARIA Lyngbye

1. Þalið marggreint með lensulaga, broddyddum smásepum, allt að 20 sm hátt

L. clavellosa

1. Þalið ein- eða tvígreint, með breiðri, greinilegri stofnblöðku og tungulaga hliðarsepum; hæð 1,5–4 sm

L. orcadensis

L. clavellosa (Turn.) Gaill.; djúpbúi.

L. orcadensis (Harv.) Taylor; rauðkólfur.

Rhodymeniaceae

HALOSACCION Kützing

H. ramentaceum (L.) J. Ag.; kólguðgrös.

PALMARIA Stackhouse

P. palmata (L.) Stackh.; söl.

Ceramiales

Ceramiaceae

AGLAOTHAMNION Feldmann-Mazoyer

A. scopulorum (J. Ag.) Feldmann-Mazoyer

ANTITHAMNION Nägeli

1. Endagreinar þalsins tvíhliðgreindar, með gagnstæðum, stuttum, sýllaga smágreinum; engar kirtilfrumur í þráðunum; vex neðst í fjörunni og neðan lágflæðis

A. floccosum

1. Endagreinar þalsins tvíhliðgreindar, með bæði gagnstæðum og stakstæðum, alllögum smágreinum; kirtilfrumur oft í þráðunum; vex á djúpinu

A. plumula var. *boreale*

A. floccosum (O. F. Müll.) Kleen; hafdúnn.

A. plumula (Ellis) Thur. var. *boreale*

CALLITHAMNION Lyngbye

1. Þalið 1–2 sm að hæð; vex á stórþara (*Laminaria hyperborea*), á djúpinu

C. tetragonum

1. Þalið allt að 6 sm að hæð; vex neðst í fjörunni, oft á sjóarkræðu (*Gigartina stellata*)

C. arbuscula

C. tetragonum (With.) S. F. Gray

C. arbuscula (Dillw.) Lyngb.; snót.

CERAMIUM Roth

1. Barkarbeltin ná saman í öllu þalinu; vex ofan og neðan lágflæðis

C. rubrum

1. Barkarbeltin ná saman í neðri hluta þalsins, en eru aðskilin í efri hluta þess.

2. Barkarbeltin reglulega afmörkuð neðantil, en óregluleg ofantil, með aflögum frumuröðum, sem vaxa upp á við.

3. Þalið 10–25 sm hátt; endagreinarnar mjóar og beinar eða ógreinilega innbeygðar; vex ofan og neðan lágflæðis

C. areschougii

3. Þalið 3–8 sm hátt; endagreinarnar kvíslgreindar og innbeygðar; vex í fjörunni

C. fruticosum

2. Barkarbeltin reglulega afmörkuð ofantil, en óregluleg neðantil, með aflögum frumuröðum, sem vaxa niður á við; vex í fjörunni

C. circinatum

2. Barkarbeltin óregluleg bæði ofantil og neðantil, með aflögum frumuröðum, sem vaxa bæði upp á við og niður á við; vex í fjörunni

C. arborescens

1. Barkarbeltin greinilega aðskilin í öllu þalinu.

2. 1 uppvísandi 3-frumu þyrnir á hverju barkarbelti; vex ofan og neðan lágflæðis

C. shuttleworthianum

2. Barkarbeltin án þyrna; vex í fjörunni

C. deslongchampsii

C. rubrum (Huds.) C. Ag.; brimkló.

C. areschougii Kylin

C. fruticosum (Kütz.) J. Ag.

C. circinatum (Kütz.) J. Ag.

C. arborescens J. Ag.; rauðkló.

C. shuttleworthianum (Kütz.) Silva

C. deslongchampsii Chauv.

PLUMARIA Schmitz

P. elegans (Bonnem.) Schm.; rauðfjöður.

PTILOTA C. Agardh

1. Endagreinar þalsins tvíhliðgreindar, með gagnstæðum, fíngerðum, fjaðurgreindum smágreinum

P. plumosa

1. Endagreinar þalsins tvíhliðgreindar, með gagnstæðum, grófgerðum smágreinum, önnur oftast fjaðurgreind, hin ekki

P. pectinata

P. plumosa (Huds.) C. Ag.; fiðurþari.

P. pectinata (Gunn.) Kjellm.; haffjöður.

Delesseriaceae

DELESSERIA Lamouroux

D. sanguinea (Huds.) Lamour.; dreyrafjöður.

MEMBRANOPTERA Stackhouse

M. alata (Huds.) Stackh.; unnarfaldur.

PANTONEURA Kylin

P. baerii (Post. et Rupr.) Kylin

PHYCODRYS Kützing

P. rubens (L.) Batt.; skarðafjöður, sæik.

Rhodomelaceae

ODONTHALIA Lyngbye

O. dentata (L.) Lyngb.; tannþang.

POLYSIPHONIA Greville

1. 4 beltisfrumur utan um stofnþráðinn í aðalgreinum.

2. Smáar barkarfrumur utan á beltisfrumunum; vex á djúpinu

P. elongata

2. Engar barkarfrumur; vex ofan og neðan lágflæðis

P. urceolata

1. 6–25 beltisfrumur utan um stofnþráðinn í aðalgreinum.

2. 6–8 beltisfrumur í aðalgreinum.

3. Smáar barkarfrumur utan á beltisfrumunum

P. brodiae

3. Engar barkarfrumur

P. arctica

2. 12–25 beltisfrumur í aðalgreinum.

3. 12–20 beltisfrumur í aðalgreinum; smáar barkarfrumur utan á beltisfrumunum; hárskúfar á yngri greinarendum

P. nigrescens

3. 20–25 beltisfrumur á aðalgreinum; engar barkarfrumur né hárskúfar; vex á klóþangi (*Ascophyllum*)

P. lanosa

P. elongata (Huds.) Harv.

P. urceolata (Dillw.) Grev.; þunnaskegg.

P. brodiae (Dillw.) Grev.

P. arctica J. Ag.; kólguðskegg.

P. nigrescens (Huds.) Grev.; surtarskegg.

P. lanosa (L.) Tandy; þangskegg.

PTEROSIPHONIA Falkenberg

P. parasitica (Huds.) Falkenb.

RHODOMELA C. Agardh

1. Langar, leggjaðar greinar með gisstæðum skúfum; 2-frumu þykkt barkarlag

R. confervoides

1. Stuttar, legglasur greinar með þéttstæðum skúfum; 4-frumu þykkt barkarlag

R. lycopodioides

R. confervoides (Huds.) Silva

R. lycopodioides (L) C. Ag.; surtarjafni.

Bangiophyceae

Bangiales

Erythropeltidaceae

ERYTHROCLADIA Rosenvinge

E. subintegra Rosenv.

PORPHYROPSIS Rosenvinge

P. coccinea (Aresch.) Rosenv.

Bangiaceae

BANGIA Lyngbye

B. fuscopurpurea (Dillw.) Lyngb.

PORPHYRA C. Agardh

1. Himnan úr einu frumulagi.
2. Stutt festa á miðri himnunni; himnan óreglulega kringlótt með kuðluðum faldi, brúnleit eða fjólublá; vex aðallega efst og neðst í fjörunni á steinum eða öðrum þörungum *P. umbilicalis*
2. Stutt festa neðst á himnunni; himnan ílöng eða eggлага.
3. Himnan ílöng, 1–2,5 sm breið og 10–20 sm löng, oftast rauðbrún; vex á steinum efst í fjörunni *P. linearis*
3. Himnan eggлага; vex á steinum neðst í fjörunni *P. purpurea*
1. Himnan úr tveimur frumulögum, oft nýrlaga, oftast með stuttum stilk;

allt að 30 × 40 sm stór; vex neðst í fjörunni og á djúpinu, á steinum eða öðrum þörungum

P. miniata

P. umbilicalis (L.) J. Ag.; purpurahimna.

P. linearis Grev.

P. purpurea (Roth) C. Ag.

P. miniata (C. Ag.) C. Ag.

BRÚNPÖRUNGAR

CHROMOPHYTA

Phaeophyceae

Ectocarpales

Ectocarpaceae

ECTOCARPUS Lyngbye

1. Greinilegur aðalstofn með mjóum hliðargreinum og áberandi toppskúfum

E. fasciculatus

1. Enginn greinilegur aðalstofn, né toppskúfur

E. siliculosus

E. fasciculatus Harv.

E. siliculosus (Dillw.) Lyngb.; brúnslý.

ENTONEMA Reinsch

E. aecidioides (Rosenv.) Kjellm.

GIFFORDIA Batters

1. Þalið oftast með gagnstæðum eða kransstæðum greinum.

2. Greinarnar gagnstæðar með gisstæðum gróhirslum á efra borði

G. granulosa

2. Greinarnar kransstæðar með gagnstæðum gróhirslum

G. ovata

1. Þalið einhliða greint.

2. Keilulaga hirslur í þéttum röðum á efra borði greina

G. hincksiae

2. Hnattlaga hirslur, stakar eða fáar saman í röð á efra borði greina

G. secunda

